



# Skíðaferðir í fjallendi og á jöklum

Sértæk gæðaviðmið nr. 204

5. útgáfa 2022

FERÐA  
MÁLA  
STOFA

ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD



Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

204-1	Öryggi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
204-1.1	Til er ferðaáætlun fyrir hverja ferð (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
204-1.2	Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum t.d.: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Búnað til að veita fyrstu hjálp.</li> <li>b. Fjarskiptabúnað.</li> <li>c. Leiðsögutæki.</li> <li>d. Aukafatnað.</li> <li>e. Snjóflóðaylur.</li> <li>f. Skóflur.</li> <li>g. Línur.</li> <li>h. Ísaxir.</li> <li>i. Leitarstangir.</li> <li>j. Varpoka/neyðarskýli.</li> <li>k. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð.</li> </ul>			
204-1.3	Til er skrifleg áætlun um viðhald, þrif og endurnýjun öryggisbúnaðar. Í henni er m.a. fjallað um eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Reglulega skoðun og prófun búnaðar.</li> <li>b. Sótthreinsun og þrif á búnaði.</li> <li>c. Líftíma búnaðar m.t.t. aldurs og notkunar (sjá viðurkennd viðmið framleiðanda).</li> </ul>			
204-1.4	Til eru skrifleg viðmið um fjölda viðskiptavina á leiðsögumann eftir því hvers konar aðstæður eru í hverri ferð.			
204-1.5	Í undirbúningi fyrir hverja ferð fara leiðsögumenn yfir gátlista þar sem fram koma atriði varðandi m. a.:			

	<ul style="list-style-type: none"> <li>a. Ferðaáætlun og leiðir sem fara skal.</li> <li>b. Veðurspá.</li> <li>c. Snjóflóðahættu og aðrar aðstæður til fjalla.</li> <li>d. Búnað.</li> <li>e. Upplýsingar um viðskiptavini.</li> <li>f. Að viðbragðsáætlanir séu ávallt með/aðgengilegar í ferðum.</li> </ul>			
204-1.6	<p>Til er gátlisti fyrir leiðsögumenn um þau öryggisatriði sem farið er yfir með viðskiptavinum fyrir ferð og á meðan á ferð stendur m.a. varðandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Staðhætti og veðurskilyrði.</li> <li>b. <b>Tímaáætlun.</b></li> <li>c. Öryggisráðstafanir þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar vegna aðstæðna.</li> <li>d. Viðeigandi skjólfatnað og búnað.</li> <li>e. Réttta notkun öryggisbúnaðar.</li> <li>f. Næringu, drykkjarföng og aðgengi að vatni í ferð.</li> <li>g. 112 neyðarnúmer á Íslandi.</li> </ul>			
204-1.7	<p>Leiðsögumenn fylgjast reglulega með líðan og ástandi viðskiptavina á meðan á ferð stendur. Ef viðskiptavinur sýnir merki um vanlíðan, skerta líkamlega getu, ofkælingu eða annað sem veldur áhyggjum bregst leiðsögumaður strax við.</p>			
204-1.8	<p>Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs.</p>			
<b>204-2</b>	<b>Umhverfi</b>	<b>Já</b>	<b>Á ekki við</b>	<b>Hvernig uppfyllt/skýringar</b>
204-2.1	<p>Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Þar sem þess er ekki kostur, s.s. að vetralagi, er forðast að aka um svæði þar sem náttúrufar er viðkvæmt sbr. gildandi lög um náttúruvernd.</p>			

204-2.2	Aðeins er ekið yfir vatnsföll á stöðum sem til þess eru ætlaðir. Farið er út í vatnsföll og upp úr þeim þannig að komið sé í veg fyrir skemmdir á bökkum.			
204-2.3	Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.			
204-2.4	Allur úrgangur og/eða búnaður sem ekki eyðist í náttúrunni er fjarlægður.			
204-2.5	Í upphafi ferðar minnir leiðsögumaður viðskiptavini á ábyrga ferðahegðun.			
<b>204-3</b>	<b>Menntun og þjálfun</b>	<b>Já</b>	<b>Á ekki við</b>	<b>Hvernig uppfyllt/skýringar</b>
204-3.1	Leiðsögumenn <b>fá þjálfun</b> í notkun tækjabúnaðar m.a. til að geta gefið upp staðsetningu og veitt upplýsingar um aðgengi að því svæði sem farið er um ef kalla þarf eftir aðstoð. Í þjálfuninni skal m.a. fara yfir eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Notkun áttavita og korts.</li> <li>b. Notkun GPS staðsetningartækis.</li> <li>c. Notkun viðeigandi fjarskiptamáta fyrir mismunandi svæði, t.d. farsími, talstöð og Tetra.</li> </ul>			
204-3.2	Neyðarviðbrögð eru þjálfuð á hverju ári. Þjálfun miðast við tegund ferða og felst t.d. í eftirfarandi þáttum: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Björgun úr sprungum og annars konar björgun með línun og tæknibúnaði.</li> <li>b. Snjóflóðaleit og öðrum tegundum bráðaleitar; notkun senditækja og leitarnema.</li> <li>c. Notkun neyðarbúnaðar til flutninga, t.d. notkun á björgunarörum og umbúnaði sjúklinga fyrir flutning.</li> </ul>			

204-3.3	Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Vettvangshjálp í óbyggðum (WFR)</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði* hjá öðrum aðila og sækja upprifjunarnámskeið á þriggja ára fresti.			
204-3.4	Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðunum <i>Fjallamenska 1 og 2**</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegum námskeiðum* hjá öðrum aðila.			
204-3.5	Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðunum <i>Snjóflóð 1 og 2**</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði* hjá öðrum aðila.			
204-3.6	Leiðsögumenn hafa staðist námskeiðin <i>Skíðaleiðsögn 1 og 2</i> á vegum AIMG. <i>Hafi leiðsögumaður staðist þessi námskeið eru ekki gerðar kröfur um að viðkomandi hafi lokið námskeiðum í samræmi við viðmið 204-3.4 og 204-3.5.</i>			
204-3.7	<b>Yfirleiðsögumaður hefur lokið <i>Fagnámskeiði í snjóflóðum</i> hjá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði hjá öðrum aðila (tekur gildi 1.1. 2024).</b>			
204-3.8	Yfirleiðsögumaður hefur staðist námskeiðið <i>Skíðaleiðsögn 3</i> á vegum AIMG (tekur gildi 1.1. 2024).			
204-3.9	Yfirleiðsögumaður hefur a.m.k. tveggja ára eða 100 daga reynslu í starfi á fjallaskíðum.			

\*Ef leiðsögumaður hefur lokið námskeiði frá öðrum aðila þarf að skila skriflegum gögnum varðandi það til úttekaraðila. Gögnin þurfa m.a. að innihalda ítarlega námskeiðslýsingu og upplýsingar um menntun og reynslu leiðbeinanda námskeiðsins. Úttekaraðili metur hvort að námskeið teljist sambærilegt.

\*\* *Krafa um námskeiðin Fjallamenska 2 og Snjóflóð 2 tekur gildi 1.1. 2023.*